



FRUMKVÆÐISSJÓÐUR BETRI BAKKAFJARÐAR 2022



SSNE

Samtök sveitafélaga & atvinnuþróunar
á Norðurlandi eystra



BYGGÐASTOFNUN



UM BETRI BAKKAFJÖRÐ OG FRUMKVÆÐISSJÓÐ

Betri Bakkafjörður er eitt af verkefnum sem heyra undir Byggðastofnun með vinnuheitinu Brothættar byggðir. Í nóvember 2019 var samþykkt verkefnisáætlun sem verkefnisstjórn og verkefnisstjóri höfðu unnið upp úr umræðum og áherslumálum frá íbúapingi og tillögum ráðherraskipaðrar nefndar um málefni Bakkafjarðar sem samþykktar voru á fundi ríkisstjórnar 23. nóvember 2018.

Meginmarkmið verkefnisins eru fjögur:

- Sterkir samfélagsinnviðir
- Öflugt atvinnulíf
- Aðlaðandi ímynd Bakkafjarðar
- Skapandi mannlíf.

Hvert þátttökubýggðarlag fær tiltekna upphæð árlega til að styðja frumkvæðisverkefni íbúa. Verkefnisstjórn úthlutar fjármununum. Fjármagni er einungis úthlutað til verkefna er styðja framtíðarsýn og meginmarkmið verkefnisins í viðkomandi byggðarlagi.

Í ár bárust alls 17 umsóknir að heildarupphæð 42 m.kr. en sjóðurinn hafði til ráðstöfunar 8.8 m.kr. sem úthlutað var til tíu verkefna.

VERKEFNISSTJÓRN BETRI BAKKAFJARÐAR

- Jónas Egilsson - sveitarstjóri
- Þorsteinn Ægir Egilsson - oddviti
- Rebekka Kristín Garðarsdóttir - SSNE
- Mariusz Mozejko - fulltrúi íbúa
- Gunnlaugur Steinarsson - fulltrúi íbúa
- Helga Harðardóttir - Byggðastofnun
- Kristján Þ. Halldórsson - Byggðastofnun

STYRKHAFAR FRUMKVÆÐISSJÓÐS BETRI BAKKAFJARÐAR 2022



VERKEFNI - FJÖRUVIÐUR: NYTJAHLOTIR ÚR REKAVIÐ

UMSÆKJANDI: REIMAR SIGURJÓNSSON
UPPHÆÐ STYRKS 650.000 KR

Á Felli hefur verið búið um árabíl með sauðfé, geitur, æðarrækt, skógrækt og ferðapjónustu svo eitthvað sé nefnt. Nú þegar tímabili sauðfjarræktar er lokið á jörðinni skapast tími til að sinna rekaviðarvinnslu sem byggir á nýtingu hráefnisins til fínlegri hluta svo sem skrautmuna og húsbúnaðar utan dyra sem innan. Hönnun ýmiskonar gripa er þegar hafin og er horft til alls frá smáhlutum eins og jólaskrauti og ljósum í stærri garðhúsgögn.

VERKEFNI - SAMSPIL: FRÁ NYRSTU STRÖNDUM

UMSÆKJANDI: VILHJÁLMUR B. BRAGASON
UPPHÆÐ STYRKS 500.000 KR

„SAMSPIL – frá nyrstu ströndum“ er fjölbreytt menningarhátíð til heiðurs skáldum (Kristján frá Dúpalæk, Örn Arnarson) og öðrum listamönnum (t.a.m. Ágúst Pétursson tónskáld) frá Langanesströnd og tekur mið af helstu meginþráðum í listsköpun og menningararfi svæðisins. Þannig þræða þrjú þemu saman dagskrárliði hátíðarinnar: 1) Samspil náttúru og lista, 2) Samspil bernskuslóða og staðarvitundar í listum, 3) Samspil dægurmenningar og samfélags.

VERKEFNI - GUNNÓLFSVÍKURFJALLIÐ ER SVO BLÁTT

UMSÆKJANDI: BIRGIR INGVARSSON
UPPHÆÐ STYRKS 500.000 KR

GUNNÓLFSVÍKURFJALLIÐ ER SVO BLÁTT er sýning um síldarævintýrið á Bakkafirði en sú saga er samofin þrotlausri baráttu kynslóðanna við að halda mannlífi og byggð í Bakkaflóa. Seigla þessa smáa byggðarlags, þrjóska og baráttan við að halda landi í byggð er saga sem á erindi til gesta. Meðal athyglisverðra minja er vigtarhús sem stendur við gömlu síldarverksmiðjuna. Unnið er að því að koma þeirri byggingu í gott horf og skapa þannig skemmtilega umgjörð um sýningu í máli og myndum.

VERKEFNI - ENDURNÝJUN Á ARNARBÚÐ

UMSÆKJANDI: BJÖRGUNARSVEITIN HAFLIÐI
UPPHÆÐ STYRKS 1.200.000 KR

Stjórn Björgunarsveitarinnar Hafliða tók þá ákvörðun sumarið 2021 að hefja vinnu við viðhald og endurnýjun á Arnarbúð á Bakkafirði. Húsnæðið hefur verið í eigu sveitarinnar í mörg ár og er hugsað sem aðstaða fyrir starf og tækjabúnað sveitarinnar á Bakkafirði. Aðalmarkmið stjórnar sveitarinnar er að halda úti þjónustu, efla öryggi og félagslegan ávinning en verkefnið að þessu sinni gengur út á að hanna og endurnýja björgunarmiðstöðina að innan.

VERKEFNI - BAKKAFEST

UMSÆKJANDI: NORTH EAST TRAVEL EHF
UPPHÆÐ STYRKS 750.000 KR

Bakkafest er menningarhátíð sem var haldin í fyrsta skipti árið 2021 við góðar undirtektir íbúa og gesta. Hátíðin er opin öllum að kostnaðarlausu og verður boðið upp á líflega dagskrá fyrir alla aldurshópa. Umsækjendur vinna nú að því að skipuleggja stærri og betri hátíð sem kemur til með að verða afbragðsgóð kynning fyrir svæðið. Þannig eflir hátíðin ferðaþjónustu á svæðinu og opnar möguleika á aukinni starfsemi hjá ungri atvinnugrein.

VERKEFNI - GJAFAGRINDUR

UMSÆKJANDI: KRZYSZTOF KRAWCZYK OG SIGRÍÐUR ÓSK INDRÍÐADÓTTIR
UPPHÆÐ STYRKS 950.000 KR

Markmið verkefnisins er að bæta vinnuaðstöðu og aðbúnað við sauðfjárbúið Miðfjarðarnes og auðvelda um leið ábúendum að stunda ýmsa aðra vinnu með búskap. Sauðfjárbúskapur á Langesströnd á undir högg að sækja og miðar styrkurinn fyrst og fremst í því að styðja við búskap í sveitinni sem hefur sterkan samhljóm með þeim áherslum sem fram koma í verkefnislýsingu Betri Bakkafjarðar.

VERKEFNI - MARKAÐSPJÓNUSTA Á BAKKAFIRÐI

UMSÆKJANDI: ANIA KOWALSKA/ÓSTOFNAÐ HLUTAFÉLAG
UPPHÆÐ STYRKS 1.000.000 KR

Verkefnið gengur út á að opna markaðsþjónustufyrirtæki sem ungur Bakkfirðingur, Ania Kowalska grafískur hönnuður, mun starfa hjá. Markmið fyrirtækisins er að bjóða upp á alla helstu markaðs- og auglýsingaþjónustu, svo sem umbrot, útlit heimasíðu, þróun og hönnun vörumerkja. Ekkert sambærilegt markaðsfyrirtæki fyrirfinnst á norðausturhorni landsins og leita flest fyrirtæki til Reykjavíkur fyrir slíka þjónustu.

VERKEFNI - ÞJÓNUSTUVERKSTÆÐI

UMSÆKJANDI: FLJÓTIR FLUTNINGAR EHF
UPPHÆÐ STYRKS 1.000.000 KR

Lokafrágangur og uppsetning á vélaverkstæði þar sem gert verður við bíla jafnt sem almennar vélaviðgerðir. Umsækjandi hefur unnið við slíkt til margra ára. Markmiðið verkefnisins er að skapa viðkomandi samfellda vinnu. Umsækjandi er smábátasjómaður og í þeim geira koma upp tímabil sem ekki er hægt að sækja sjóinn.

VERKEFNI - ORKUSPARNAÐUR Á BAKKAFIRÐI

UMSÆKJANDI: LANGANESBYGGÐ

UPPHÆÐ STYRKS 1.250.000 KR

Bakkafjörður er á köldu svæði og orkukostnaður vegna kyndingar hár. Hitastigull er hins vegar vel þekktur og með nýrri tækni og framþróun er afmörkuð hitaveita raunhæfur kostur, ýmist bein nýting ef vel heppnast en annars með varmaskiptalykkju+varmadælu(m). Markmið verkefnisins er að útvega hitun fyrir Hafnartangann og nærliggjandi svæði þar sem finna má alla helstu þjónustu Bakkafjarðar við heimamenn og gesti.

VERKEFNI - ÞJÓNUSTUKJARNI

UMSÆKJANDI: NORTH EAST TRAVEL EHF

UPPHÆÐ STYRKS 1.000.000 KR

Þjónustukjarninn að Hafnartanga 4 er liður í átaki um að efla nærþjónustu á Bakkafirði. Þar er rekin pöntunarþjónusta og veitingastaður, og bryddað upp á alls kyns skemmtilegum viðburðum, s.s. pizzakvöldum, BarSvari (pub quiz) og bingó. Þetta er mikilvæg starfsemi fyrir félagsandann á Bakkafirði – og hefur allt til að bera til að geta orðið enn stærri þáttur í samfélaginu á Bakkafirði ef hún fær að dafna áfram.

FRUMKVÆÐISSJÓÐUR BETRI BAKKAFJARÐAR

2022



BYGGÐASTOFNUN

